# HRUNAMANNAHREPPUR

## 47. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
## KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 2. FUNDUR ÁRSINS
## VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. FEBRÚAR 2014
## KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 6. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

***Erindi til sveitarstjórnar:***

1. Samstarfssamningur milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gúpverjahrepps vegna íþróttastarfs á Flúðum.
2. KPMG: Stjórnsýsluskýrsla.
3. Deiliskipulagstillaga fyrir friðlandið Gullfoss. Umsagnarbeiðni.
4. Landgræðslufélag Hrunamanna og Hrunamannahreppur: Samstarfssamningur.
5. Nýsköpunarkeppni Grunnskólanema. Styrkbeiðni.
6. Sorpstöð Suðurlands:Yfirlit 2013.
7. Yfirdráttarheimild.
8. Samanhópurinn: Styrkbeiðni.
9. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.
10. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra.
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.
12. Hótel Flúðir. Hækkun hlutafjár og hluthafafundur.
13. Landsskipulagsstefna: Boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026.
14. Leikskólastjóri. Uppsögn.
15. Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
16. Forvarnarstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
17. Atvinnumálastefna Hrunamannahrepps.

***Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:***

18. Skólanefnd: Fundargerð 23. fundar vegna Undralands frá 29. janúar s.l.
19. Skólanefnd: Fundargerð 26. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. janúar s.l.

***Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:***

20. Fundargerð 67. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 30. janúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. desember 2013 til 30. janúar 2014.
    Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
    Mál nr. 8: Dalbær I. Bygging gripahúss.

***Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:***

a. NOS: Fundargerð frá 21. janúar s.l.
b. Starfhópur vegna innleiðingar skólaþjónustu Árnesþings: Fundargerð 4.fundar frá 10. janúar s.l.
c. Almannavarnir Árnesssýslu: Fundargerð 16. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu frá 6. desember s.l.

***Kynningarmál:***

d. Skipulagsfulltrúi: Könnun varðandi landnotkun í dreifbýli.
e. Skipulagsstofnun: Skipulag byggðar og mótun umhverfis.
f. Barnaverndarstofa.Foreldrafærni.
g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 15. stjórnarfundar frá 9. desember s.l.
h. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla.
i. Varasjóður húsnæðismála: Framlag sveitarfélags í Varasjóð húsnæðismála 2013.
j. Innanríkisráðuneytið: Staðfesting siðareglna.

k. Innanríkisráðuneytið: Skil á viðaukum við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.
l. Innanríkisráðuneytið: Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.
m. Samfylkingin: ályktun Landssambands 60+ um útvistun á rekstri hjúkrunarheimila til einkaaðila.
n. ASÍ: Gjaldskrárhækkanir.

***Fundir framundan:***

o. Hugarflugsfundur vegna sérfræðisþjónustu við skóla á Þingborg miðvikudaginn 12. febrúar nk.
p. Landsamtök landeiganda á Íslandi: Aðalfundur 20. febrúar á Hótel Sögu.

***Gengið til dagskrár:***

1. **Samstarfssamningur milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gúpverjahrepps vegna íþróttastarfs á Flúðum.**
   Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna íþróttastarfs á Flúðum. Málinu frestað til næsta fundar.
2. **KPMG: Stjórnsýsluskýrsla.**
   Oddviti kynnti stjórnsýsluskýrslu frá KPMG.
3. **Deiliskipulagstillaga fyrir friðlandið Gullfoss. Umsagnarbeiðni.**
   Oddviti kynnti beiðni Bláskógabyggðar um umsögn vegna deiliskipulagstillögu fyrir friðlandið Gullfoss. Sveitarstjórn gerir þá athugasemd við tillöguna að eðlilegra sé að skipulagssvæðið endi við árbakka vestan megin Hvítár og bendir á að Gullfoss tilheyrir bæði Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð.
4. **Landgræðslufélag Hrunamanna og Hrunamannahreppur: Samstarfssamningur.**
   Oddviti kynnti samstarfssamning milli Landgræðuslufélags Hrunamanna og Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Esther víkur sæti við afgreiðslu málsins.
5. **Nýsköpunarkeppni Grunnskólanema. Styrkbeiðni.**
   Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna Nýsköpunarkeppni Grunnskólanema. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 35.000.
6. **Sorpstöð Suðurlands:Yfirlit 2013.**
   Oddviti kynnti yfirlit frá Sorpstöð Suðurlands um magntölur sorps og kostnað hjá Sorpu bs vegna Hrunamannahrepps fyrir árið 2013.
7. **Yfirdráttarheimild.**
   Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arion banka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000,- verði framlengd og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og að stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárþörf sveitafélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.
8. **Samanhópurinn: Styrkbeiðni.**
   Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna Samanhópsins, samstarfshóps um forvarnir. Sveitarstjórn hafnar beiðninni.
9. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra.**
    Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.**
    Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarð.
12. **Hótel Flúðir. Hækkun hlutafjár og hluthafafundur.**
    Oddviti kynnti stöðu mála. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í hækkun hlutafjár Hótels Flúða ehf sem ákveðin var á aðalfundi félagsins þann 19. desember s.l. þannig að eignarhlutur sveitarfélagsins í Hótel Flúðum ehf upp á 11% verði varinn. Kostnaður er áætlaður kr. 1.650.000 og skal þeim útgjöldum

mætt með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt hefur verið boðað til hluthafafundar Hótels Flúða ehf þann 14 febrúar nk. og er oddvita falið að mæta á fundinn til að gæta hagsmuna sveitarfélagins. Jafnframt er samþykkt að halda áfram söluferli á hlutafé sveitarfélagsins í Hótel Flúðum ehf.

13. **Landsskipulagsstefna: Boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026.**
Oddviti kynnti boðið. Sveitarstjórn samþykkir að Ragnar Magnússon og Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi Uppsveita mæti fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. **Leikskólastjóri. Uppsögn.**
Oddviti kynnti uppsagnarbréf leikskólastjóra. Málinu frestað til næsta sveitarstjórnarfundar.

15. **Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.**
Oddviti kynnti sameiginlega stefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í skóla- og æskulýðsmálum. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti nýja skóla- og æskulýðsstefnu fyrir sveitarfélagið.

16. **Forvarnarstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.**
Oddviti kynnti sameiginlega stefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í forvarnarmálum. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti forvarnarstefnu fyrir sveitarfélagið.

17. **Atvinnustefna Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti málið. Á vegum SASS hefur aðildarsveitarfélögunum verið boðin aðstoð við að greina og skoða stöðu atvinnumála í sveitarfélögunum. Sveitarstjórn samþykkir að láta vinna atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp og leyta aðstoðar SASS við verkefnið. Sveitarstjóra falið að móta vinnuna í samstarfi við ráðgjafa SASS.

***<u>Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:</u>***

18. **Skólanefnd: Fundargerð 23. fundar vegna Undralands frá 29. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar nefndarinnar. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, deiliskipulagsmál, nýja skóla- og æskulýðsstefnu, forvarnarstefnu, uppsögn leikskólastjóra og vistun 12 mánaða barna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

19. **Skólanefnd: Fundargerð 26. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar nefndarinnar. Farið var yfir skýrslu skólstjóra, farið yfir niðurstöður samræmdra prófa, deiliskipulagsmál, nýja skóla- og æskulýðsstefnu, forvarnarstefnu og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

***<u>Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:</u>***

**Fundargerð 67. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 30. janúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. desember 2013 til 30. janúar 2014.**
Oddviti kynnti fundargerð 67. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 30. janúar s.l. ásamt afgreiðslur byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
**Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. desember 2013 til 30. janúar 2014.
**Mál nr. 8: Dalbær I. Bygging gripahúss.**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að grendarkynna umsóknina með vísun í 1. mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

***<u>Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:</u>***

a. **NOS: Fundargerð frá 21. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

b. **Starfhópur vegna innleiðingar skólaþjónustu Árnesþings: Fundargerð 4.fundar frá 10. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

c. **Almannavarnir Árnesssýslu: Fundargerð 16. fundar Almannavarnarnarnefndar Árnessýslu frá 6. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

***Kynningarmál:***

d. **Skipulagsfulltrúi: Könnun varðandi landnotkun í dreifbýli.**
Lagt fram til kynningar.
e. **Skipulagsstofnun: Skipulag byggðar og mótun umhverfis.**
Lagt fram til kynningar.
f. **Barnaverndarstofa.Foreldrafærni.**
Lagt fram til kynningar.
g. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 15. stjórnarfundar frá 9. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
h. **Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla.**
Lagt fram til kynningar.
i. **Varasjóður húsnæðismála: Framlag sveitarfélags í Varasjóð húsnæðismála 2013.**
Lagt fram til kynningar.
j. **Innanríkisráðuneytið: Staðfesting siðareglna.**
Lagt fram til kynningar.
k. **Innanríkisráðuneytið: Skil á viðaukum við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
l. **Innanríkisráðuneytið: Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.**
Lagt fram til kynningar.
m. **Samfylkingin: ályktun Landssambands 60+ um útvistun á rekstri hjúkrunarheimila til einkaaðila.**
Lagt fram til kynningar.
n. **ASÍ: Gjaldskrárhækkanir.**
Lagt fram til kynningar.

***Fundir framundan:***

o. **Hugarflugsfundur vegna sérfræðiþjónustu við skóla á Þingborg miðvikudaginn 12. febrúar nk.** Lagt fram til kynningar.
p. **Landsamtök landeigenda á Íslandi: Aðalfundur 20. febrúar á Hótel Sögu.** Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.00**